


ÁRSSKÝRSLA LEIKNAR STARFSÁRIÐ 2021-2022



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðalfundur Leiknar 2020	3
Stjórnarfundir Leiknar.....	4
Starfsemi Leiknar.....	5
Innra starf.....	5
Námsferð Leiknar.....	5
Ytra - starf.....	5
Heimasíða og samfélagsmiðlar	5
Framtíð Leiknar.....	6
Alþjóðlegt samstarf.....	7
Norrænir fundir	7
Ársfundur EAEA.....	7

Inngangur

Leikn eru regnhlífasamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með 19 aðildarfélög. Leikn er upplýsinga og samstarfsvettvangur fullorðinsfræðslu og tilgangurinn er að gæta breiðra hagsmuna fullorðinsfræðsluaðila. Starfsemi og virkni samtakanna er unnin í sjálfboðavinnu af stjórnarmeðlimum sem allir starfa innan fullorðinsfræðslunnar.

Fullorðinsfræðsla er í almannabágu og getur breytt lífi fólks og samfélögum til hins betra. Við teljum að símenntun sé almannaheill sem eigi að vera réttur fólks til aukinna lífsgæða og þroska. Markmið Leiknar er að halda áfram að vinna að uppbyggingu framsækinnar fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hér gefur að líta árskýrslu Leiknar fyrir starfsárið 2021 til 2022 þar sem greint er frá helstu störfum og verkefnum stjórnar. Fundargerðir stjórnar má finna á heimasíðu Leiknar www.leikn.is

Aðalfundur Leiknar 2020

Aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi, fyrir starfsárið 2020-2021 var haldinn í , fimmtudaginn 9. maí kl. 13 í beinu streymi á Zoom. Þetta var 17. aðalfundur félagsins og á hann voru mættir fulltrúar 12 af 20 aðildarfélögum en alls 15 einstaklingar. Helgi Þ. Svavarsson, formaður kynnti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu verkefnum og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári og Guðfinna Harðardóttir, gjaldkeri fór yfir reikninga leiknar.

Ár ársfundinum gaf Helgi kost á sér til áframhaldandi formennsku. og var kosinn af aðalfundi. Breytingar urðu á stjórn Leiknar. Í stjórn Leiknar sátu áfram Helga, Eyjólfur Sturlaugsson, Fjóla María Lárusdóttir, Eyrún Valsdóttir og Þór Pálsson, Í stjórn vor valin Vigdís Þyri Ásmundsdóttir, Framvegis og Kjartan Jónsson frá Múltí Kúltí.

Stjórnarfundir Leiknar

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn 1. október 2021 í fjarfundi. Þar skipti stjórnin með sér verkum.

Helgi Þ. Svavarsson, formaður. SÍMEY (kosinn á aðalfundi)

Eyjólfur Sturlaugsson var kosinn varaformaður

Fjóla María Lárusdóttir var kosinn ritari

Vigdís Þyri Ásmundsdóttir var kosinn gjaldkeri.

Þór Pálson tók að sér hlutverk meðstjórnanda

Varastjórn skipuðu

Kjartan Jónsson

Eyrún Björk Valsdóttir

Alls voru haldnir 7 stjórnarfundir, þar af 6 í fjarfundi.

Starfsemi Leiknar

Innra starf

Á þessu starfsári sögðu þrjú aðildarfélag sig úr Leikn, Það eru Námsflokkar Hafnafjarðar, Námsflokkar Reykjavíkur og , Símenntun Landbúnaðarháskóla Íslands. Okkur þykir leitt að sjá af þessum mikilvægu.

Námsferð Leiknar.

Leikn auglýsti 4 styrki vegna námsferða fyrir félagi í Leikn sem styrktar eru af Erasmus+ menntaáætlun ESB og fellur undir flokkin Nám og þjálfun. Einungi sein umsókn barst sem veittur var styrkur fyrir og stendur Leikn nú frami fyrir því að skila styrknum til Rannís.

Ytra - starf

Leikn átti fund með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Fjármálaráðuneytisins varðandi málefni framhaldsfræðslulaganna. Formaður Kvasis og Formarðu Leiknar sátu fundin og komu framfærum samtakana á framfæri. Bæði félögin settu fram sömu áherslur á þessum fundi og bentu meðal annars á breytingar á markhópi og mikilvægi fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur og bága stöðu íslensku kennslu fyrir innflytjendur.

Leikn sendi frá sér bókun vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Þar fordæmdit Leikn innrásina og lýsti yfir stuðningi sínum við úkraínsku þjóðina og jafnframt ánægju sinni með vilja íslenskra stjórnvalda til að taka á móti flóttafólki frá Úkraínu. Ályktun Leiknar birtist á heimasíðu EAEA ásam átta öðrum ályktunum aðildarsamtaka EAEA.

Stjórn Leiknar fékk fund með Félags og vinnumarkaðsráðherra Guðmundi Inga Guðbrandssyni, þann 28 apríl. Fundinn sátu fyrir hönd Leiknar Helgi Þ. Svavarsson, formaður og Þór Pálsson, meðstjórnandi. Fyrir hönd ráðuneytisins sátu, auk Guðmundar Inga, Hulda Anna Arnljótsdóttir sérfræðingur hjá skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar, Bjarnheiður Gautadóttir skrifstofustjóri hjá skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar og Ólafur Elínarson aðstoðarmaður ráðherra.

Á fundinum afhentu fulltrúar Leiknar ráðherra minnisblað með áherslupunktum varðandi fullorðinsfræðsluna.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða Leiknar www.leikn.is er hýst af Netvöktun ehf. og þar er efni Leiknar vistað s.s. fundargerðir og önnur gögn. Stjórn vill hvetja aðildarfélagi til þess að koma á framfæri efni eða ábendingum um efni sem þeir telja að þar eigi heima. Facebook síða Leiknar <https://www.facebook.com/Fullordnir/> er mjög virk. Alls 233 fylgja henni. Guðrún Lárusdóttir fyrrverandi stjórnarmaður Leiknar hefur verið mjög virk í að setja þar inn efni. Á Facebook síðunni eru m.a. alls konar upplýsingar um Evrópuverkefni, ráðstefnur, námskeið, fyrirlestra, erindi og fræðslu og allt sem snertir fullorðinsfræðslu hérlendis sem erlendis. Þá er Leikn með Youtube rás, en hún ekki verið virk hefur verið á, á þessu

starfsári. Til stendur að efla veru Leiknar á samfélagsmiðlum en til þess viljum við líka leita til aðildarfélaganna okkar til að hjálpa okkur með það.

Framtíð Leiknar

Starfsemi Leiknar náði ekki nægjanlegu flugi þetta starfsárið. Kófið hafði enn sem áður neikvæð áhrif á starfið. Leikn eru mikilvæg samtök en því miður þá komu veikleikar samtakanna vel í ljós á sl. ári. Leikn ætti að gegna því hlutverki að vera leiðandi í stefnumótun varðandi fullorðinsfræðslu á Íslandi, auk þess að vera samtök sem stuðla að aukinni hæfni fullorðinsfræðara og umræðu um fullorðinsfræðslu. Þetta mikilvæga starf á sjálfbærliðastarfi starfsmanna aðildarfélaganna og ef þeirra störf og persónulegar aðstæður geta bitnað starfsemi Leiknar. Á stjórnarfundum var töluverð umræða um það með hvaða hætti Leikn gæti fjölgað aðildarfélögum þannig að Leikn geti orðið það afls sem það þarf að vera. Og ákveðið að vinna markvisst að því á næsta starfsári. Eitt markmiðana gæti verið að Leikn hafi tók á að ráða sér starfsmann á næstu t10 árum til að tryggja öflugt starf samtakanna.

Auka þarf og efla faglega umræðu innan samtakanna. Nota sér þau sambönd sem myndast í gegnum EAEA til að fá hingað með fræðslu erindi erlenda aðila í bland við innlenda.

Alþjóðlegt samstarf

Norrænir fundir

Starfið er í lágmarki en haldinn var einn fundur á netinu. Á fundinum var farið yfir stöðu fullorðinsfræðslunnar á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltslöndunum.

Ársfundur EAEA

Á þessu tímabili voru haldnir tveir ársfundir EAEA. Fyrri ársfundir EAEA fyrir starfsárið 2020-2021 var haldinn 22. júní 2021 í fjarfundi. Formaður sótti fundinn fyrri hönd leiknar. Ársfundur EAEA fyrir starfsárið 2021-2022 var haldinn í Mechelen í Belgíu 30 -31. maí sl. Fundinn sóttu Formaður og Þór Pálsson, meðstjórnandi. Leikn sendir á hverju ári yfirlitsskýrslu til EAEA um stöðu fullorðinsfræðslu á Íslandi. Á ársfundinum var lögð áhersla á Transformative learning, en það verður áhersla atriði EAEA á þessu ári.